



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 18 – Þingsályktun

Þingsályktun – Reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

Körfuknattleiksþing 2023 samþykkir að beina því til stjórnar KKÍ að breyta þeim viðurlögum í úrvals- og 1. deildum karla og kvenna sem birtast í reglugerð aga- og úrskurðarnefndar. Þannig kæmu sektarákvæði almennt í stað áminninga og leikbanna, nema í þeim tilfellum þar sem aga- og úrskurðarnefnd myndi úrskurða minnst þriggja (3) leikja bann eða meira, en þar yrði leikbönnum áfram beitt ásamt viðeigandi sektum. Umræddum breytingum skal vera lokið fyrir 30. maí 2023.

Greinargerð:

Það þekkist víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við að leikmenn og þjálfarar séu sektaðir fyrir vægari agaviðurlög í efstu deildum. Þannig færu leikmenn ekki í bann fyrir fyrir tvær tæknivillur, tvær óíþróttamannslegar villur eða eina tæknivillu og eina brottrekstrarvillu, eins og þekkist í dag. Í staðinn yrðu leikmenn sektaðir. Það sama myndi gilda um vægari brottrekstrarvillur skv. a), b) og c) liðum 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Áfram yrði leikbönnum beitt þegar d) og f) liðir reglugerðarinnar eiga við.

Með þessum hætti munu leikmenn spila í stað þess að fara í leikbann fyrir stök eða endurtekin minniháttar brot. Sektarákvæði sem þessi væri hægt að setja inn í samninga leikmanna og þjálfara.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld